

## Fundur FAGRÁÐS ÞÍH Miðvikudagur 22 maí 2019

1. Fjárhagur
  - a. Óskir um viðbótarfjármagn
2. Samningur HH/LSH
3. Verkefnalisti
4. Heimasíða- opinn vs lokuð
5. Héraðslækningar
6. Önnur mál

Mætt: Óskar Reykdalsson/Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Örn Ragnarsson, Anna Guðríður Gunnarsdóttir, Íris Dröfn Björnsdóttir, Hulda Gestsdóttir, Pétur Heimisson, Sigríður Sía Jónsdóttir, Oddur Steinarsson, Emil L. Sigurðsson sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu: Súsanna Björg Ástvaldsdóttir og Ragnar Pétur Ólafsson.

### 1. Fjárhagur.

Forstöðumaður gerði grein fyrir stöðunni sem er ágæt en augljóslega vantar meira fjármagn. Fram kom að hann ásamt forstjóra HH hefðu unnið saman að tillögum um aukið fjármagn sem leggja á fyrir hrn.

### 2. Skipun Fagráðs.

Óskar Reykdalsson sat fundinn í byrjun en þar sem hann er orðinn forstjóri HH vikur hann úr Fagráði og Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga HH, tekur við. Þetta er gert í samráði við hrn.

### 3. Verkefnalisti.

Verkefnalisti ÞÍH var lagður fram og kynntur.

Nokkra umræður urðu um hann m.a. um næstu verkefni flakkaranna.

### 4. Samningur HH/LSH.

Rætt var um þau drög sem nú liggja fyrir og því velt upp hvort ÞÍH ætti að skrifa undir slíka samninga fyrir heilsugæsluna á landsbyggðinni og einkareknu stöðvarnar. Fram kom að HSN hefur gert slíkan samning við SAK og því ekki augljóst þörf á að ÞÍH gegni áðurnefndu hlutverki. Ákveðið að leggja þetta í hendur heilbrigðisstofnana og þær hefðu þá frumkvæði að ofangreindu.

### 5. Heimasíða ÞÍH.

Forstöðumaður greindi frá þeirri vinnu sem væri í gangi varðandi uppsetningu á heimasíðu ÞÍH. Nokkur umræða varð um hvort heimasíðan ætti að vera opin eða aðgangsstýrð. Hún væri f.o.f. ætluð fagfólki. Almennungi ætti að beina á Heilsuveru. Flestir fundarmenn voru á því að síðan ætti að vera opin, a.m.k. til að byrja með.

## 6. Héraðslækningar.

Forstöðumaður greindi frá fundi sem hann hafði átt með Reyni Tómasi Geirssyni formanni mats- og hæfisnefndar. Þar kom fram sú hugmynd að ÞÍH yrði bakhjarl kennslu hvað varðar héraðslækningar en dagleg umsjón yrði á Akureyri. Örn Ragnarsson greindi frá því að hann hefði tekið þátt í gerð marklýsingar fyrir námið og það hefði lengi verið hugmynd að nám í héraðslækningum heyrði undir HSN. Fundarmenn voru sammála um að það fyrirkomulag væri fínt og studdu þá tilhögun.

## 7. Greiðslulíkan.

Talsvert var rætt um greiðslulíkan sem heilsugæslur á höfuðborgarsvæðinu hafa notast við og nú er farið að kynna á landsbyggðinni. Ljóst er að sumt hefur gengið vel en annað þarf að lagfæra. Hrn er að setja á laggirnar vinnuhóp til að fara yfir greiðslulíkanið og munu fulltrúar verða skipaðir í þann hóp um næstu mánaðarmót. Líflegar umræður urðu um málið og ljóst að um stórt og mikilvægt verkefni er að ræða.

## 8. Önnur mál.

Pétur Heimisson benti á skort á skýrum viðmiðum þegar inntökunefnd í sérnám heimilislækna úrskurðaði einstaka umsækjendur vanhæfa á grundvelli skorts á hæfni í íslensku. Hann tók þó fram að í því einstaka tilviki sem nefndin hefur fellt slíkan úrskurð hafi hann verið sammála en benti á nauðsyn þess að fram færi hlutlaust mat á íslenskukunnáttu umsækjanda áður en slík niðurstaða er fengin.

Pétur spurði spurði jafnframt um aðkomu ÞÍH að eftirfylgni við þá kynningu sem var á Positive Health þann 9. Maí sl. Emil staðfesti að ÞÍH hefði haft aðkomu að þeirri kynningu og verið beðin um að taka þann bolta áfram. ÞÍH hefði tekið jákvætt í það en það mál er ekki kominn í nein ákveðin farveg.

Anna Guðríður Gunnarsdóttir kom með fyrirspurn varðandi hlutverki og aðkomu ÞÍH að rannsóknum innan heilsugæslunnar. Emil svaraði því þannig að ekki væri búið að fari í stefnumótandi vinnu varðandi rannsóknarvinnu en ÞÍH væri mjög jákvætt gagnvart rannsóknum á svið heilsugæslu og gæti boðið uppá stuðning og jafnvel aðstöðu fyrir þá sem hyggðust stunda hana.

Næsti fundur ráðgerður í október 2019.

Fundargerð ritaði Emil L. Sigurðsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið.